

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Laufskálar 2
850 Hella

Garðabær, 2. október 2024
Málsnúmer: 202408-0023
MH

Efni: Breyting á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016–2028 vegna nýrrar frístundabyggðar í Heimahaga

Vísað er til erindis Rangárþings ytra sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 15. ágúst 2024 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um breytingur á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016–2028 vegna nýrrar frístundabyggðar í Heimahaga (landnr. 206436). Í gildandi aðalskipulagi er skipulagssvæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði en með breytingunni verður það skilgreint sem frístundabyggð.

Náttúrufræðistofnun gerði umsögn um skipulagslýsingu fyrir aðalskipulagsbreytinguna, dags. 27. mars 2024. Þar kom fram að á skipulagssvæðinu væri bæði votlendi og graslendi og rétt norðaustan við svæðið væri stórt og lítt raskað votlendi sem hefur hátt verndargildi, enda lítið orðið eftir af óröskuðu votlendi á Suðurlandi. Einnig kom fram að Suðurlandsundirlendið í heild sinni er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði en víða hefur verið gengið á búsvæði fugla, t.d. með frístundabyggðum og skógrækt. Í umsögninni kom fram að Náttúrufræðistofnun teldi nauðsynlegt að gera úttekt á vistgerðum og fuglalífi á svæðinu áður en ákvörðun yrði tekin um breytta landnotkun til að öðlast betra mat á umhverfisáhrifum breytinganna. Útbúa þyrfti nákvæmara vistgerðakort, kanna hvort plöntur á valista finnist á svæðinu, t.d. safastör sem finnst í sambærilegu búsvæði annars staðar í sveitarfélaginu, og mæla þéttleika mófuglategunda sem margar eru ábyrgðartegundir fyrir Ísland.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér breytingatillöguna. Í henni er ekki fjallað nánar um vistgerðir, fuglalíf og flóru svæðisins. Hins vegar kemur fram að betur verði gerð grein fyrir votlendi á svæðinu í deiliskipulagi og horft til nákvæmari kortlagningar. Einnig kemur fram að á vinnslutíma breytingatillögunnar hafi verið sett inn skipulagsákvæði um að hugað verði að gróðri á svæðinu og að votlendi verði fyrir sem minnstu raski. Við mat á umhverfisáhrifum breytingartillögunnar er gert ráð fyrir að áhrif á gróður og dýr verði óveruleg ef hugað verði að því að gróðursvæði verði fyrir sem minnstu raski og að gengið verði frá jarðvegi að fyrri horfi.

Náttúrufræðistofnun hefði viljað sjá ítarlegri umfjöllun um gróður og fugla á svæðinu í samræmi athugasemdir í fyrri umsögn. Stofnunin ítrekar að ærið tilefni er til að tryggja verndun votlendis við Heimahaga. Á skipulagssvæðinu sjálfu er graslendi ríkjandi en inn á milli eru votlendisblettir, einkum starungsmýravist og starungsflólavist, sem hafa mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins. Votlendið norðaustan við skipulagssvæðið er um 7,2 ha að flatarmáli og nýtur því sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd. Líklegt er að fuglalíf sé auðugt á svæðinu enda votlendi mikilvægt fyrir margar fuglategundi, t.d. vaðfugla, og gætir áhrifa þess langt út fyrir mörk votlendisins. Stofnunin

benti á í fyrri umsögn að uppbygging frístundabyggðar þétt upp við votlendi af þessum toga er ekki skynsamleg ráðstöfun. Ef hugað er að lífríkinu og verndun líffræðilegs fjölbreytileika ætti frekar að hlúa að svæðinu sem mikilvægu búsvæði fugla og með endurheimt votlendis í huga þar sem slíkum svæðum fer almennt fækkandi. Þannig er einnig betur tryggð binding kolefnis í mýrajarðvegi sem er ríkulegur á þessu svæði.

Þar sem ekki var gerð náttúrufarsúttekt vegna aðalskipulagsbreytingarinnar telur Náttúrufræðistofnun nauðsynlegt að það verði gert við gerð deiliskipulags svæðisins. Áherslu ætti að leggja á að hlífa þeim votlendisblettum sem til staðar eru innan skipulagssvæðisins og lágmarka rask næst stóra votlendissvæðinu norðaustan skipulagssvæðisins.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við breytingartillöguna.

Virðingarfyllst,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
líffræðingur

